# EINING-IÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
25. árgangur
Júlí 2022



# NÝTIÐ YKKUR ÞJÓNUSTU Í HEIMABYGGÐ



## FJALLABYGGÐ

Sími 460 3600
Eyrargata 24b
Opið alla virka daga frá kl. 9 til 15

## HRÍSEY

Sími 692 4910



Guðrún Þorbjarnardóttir
Svæðisfulltrúi

## GRENIVÍK

Sími 844 5729



Róbert Þorsteinsson
Svæðisfulltrúi



## DALVÍK

Sími 460 3600
Hafnarbraut 5
Opið alla virka daga frá kl. 10 til 16



## AKUREYRI

Sími 460 3600
Skipagötu 14
Opið alla virka daga frá kl. 8 til 16






# VERIÐ VELKOMIN!

EINING-IÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍN!

www.ein.is



# Sveigjanleg starfslok

## Þekkir þú valkostina?

**Sjóðfélagi hefur eftirfarandi valmöguleika:**

- Hægt er að hefja töku eftirlauna á aldrinum 60-80 ára
  - Sjóðfélagi getur ákveðið að hefja töku 50% eftirlauna
  - Eftirlaun eru hærri ef sjóðfélagi bíður með töku eftirlauna þar sem réttindasjóður hans dreifist þá á færri mánuði.
- Séreign er laus til útborgunar við 60 ára aldur
- Tilgreind séreign er laus til útborgunar frá 62 ára aldri

Nánari upplýsingar á **www.stapi.is**

STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

Strandgötu 3, 600 Akureyri
Bakkavegur 5, 740 Neskaupstað

Sími 460 4500

www.stapi.is
stapi@stapi.is




SKG
VERKTAKAR
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐI




# *Samið um afsláttarkjör hjá* **Nice Air**

***Eining-Iðja og Nice Air hafa gert með sér samkomulag um tímabundin afsláttarkjör á gjafabréfum hjá Nice Air til félagsmanna Einingar-Iðju. Áætlað er að hefja sölu á gjafabréfum til félagsmanna í ágúst 2022 og verða þau til að byrja með í sölu út árið 2022.***

Gjafabréfin verða seld í gegnum orlofsvef Einingar-Iðju sem finna má á ***www.ein.is***. Hver félagsmaður mun geta keypt eitt gjafabréf á ári og greiðir fyrir það kr. 22.000. Virði hvers gjafabréfs verður kr. 32.000 og er því afslátturinn kr. 10.000.

Hægt verður að nýta gjafabréfið til kaupa á flugfargjaldi og annarri bókunarþjónustu hjá Nice Air í gegnum bókunarsíðu félagsins ***www.niceair.is***



*Hér má sjá Björn Snæbjörnsson, formann Einingar-Iðju, og Svein Elías Jónsson, fjármálastjóra Nice Air, að lokinni undirskrift.*

### *Gleðilegt!*

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, segir það gleðilegt að gera þennan samning við Nice Air. „Það er gott að stuðla að því að fyrirtæki í heimabyggð, eins og þetta, gefi okkar félagsmönnum tækifæri til að fá aðeins ódýrara flug. Við teljum þennan samning stóran áfanga og vonum að félagsmenn nýti sér þetta tækifæri. Þetta er auðvitað kostnaður fyrir félagið en við fáum líka góðan afslátt frá Nice Air á móti. Þeir eru að gera þarna góða hluti og bara vonandi gengur þetta vel og að okkar félagsmenn nýti sér þessi bættu kjör."

Björn bætir við og segir að hann hafi fulla trú að á Nice Air sé komið til að vera og að það muni vaxa og dafna á komandi árum. „Þetta er eitthvað sem við erum búin að bíða lengi eftir, að menn stofni flugfélag og fljúgi héðan frá Eyjafjarðarsvæðinu. Þetta mun auka orlofstöku okkar fólks sem mun geta notið þess að fljúga úr heimabyggð á lægri fargjöldum. Til að byrja með nær samningurinn til næstu áramóta en við munum endurskoða dæmið er líður á, þannig að vonandi eigum við eftir að framlengja þennan samning fljótlega. Aðalmálið er að ég vona að félagsmenn eigi eftir að nota vel þessa góðu kjarabót sem samningurinn er að tryggja þeim."

***Útgefandi: Eining-Iðja***
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - ein@ein.is
www.ein.is

**Ábyrgðarmaður:**
Björn Snæbjörnsson

**Ritstjóri**
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

**Forsíðumynd:**
Hús nr. 18 á Illugastöðum
Mynd: Ásgrímur Örn Hallgrímsson

**Prentvinnsla:**
Prentmet Oddi

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið







# Áfram 90% endurgreiðsluhlutfall fræðslustyrkja til 30. september 2022

*Vegna áhrifa frá Covid 19 settu fræðslusjóðirnir Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt af stað átak í fræðslu sem hófst í mars 2020. Hluti átaksins fólst í því að endurgreiðsluhlutfall styrkja hækkaði tímabundið úr 75% í 90% hjá bæði fyrirtækjum og til einstaklinga með síðustu lokadagsetningu 1. maí 2022. Stjórnir sjóðanna ákváðu að halda áfram með allt að 90% endurgreiðsluhlutfall til 30. september 2022 og gildir gagnvart námi/námskeiðum sem haldin eru/byrja innan þessa sama tímaramma.*

Að hámarki geta félagsmenn fengið styrk að upphæð kr. 130.000 á ári, en félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár, eiga rétt á styrk allt að kr. 390.000 fyrir eitt samfellt nám/námskeið skv. reglum sjóðanna.

## Breytingar á úthlutunarreglum

Endurgreiðslur til fyrirtækja vegna kostnaðar við námskeiðahald, voru hækkaðar úr allt að 75% í allt að 90% af styrkhæfum heildarkostnaði. Sveitamennt og Ríkismennt veita 100% styrki til stofnana sveitarfélaga og ríkisstofnana.

Hámarksupphæð einstaklingsstyrkja verður áfram kr. 130.000 á ári miðað við núverandi reglur. Hlutfalli endurgreiðslu var hins vegar breytt og er 90% í stað 75% af kostnaði við námið.

Tómstundstyrkir sem voru 75% en að hámarki kr. 30.000 á ári eru í sama hámarki og hefðbundnir styrkir, það er kr. 130.000 á ári. Hlutfall endurgreiðslunnar verði sömuleiðis 90% af viðurkenndum kostnaði við námið.

## Almennt um skilyrði fyrir umsókn

Félagsmaður sem unnið hefur fullt starf í a.m.k. 6 mánuði af síðustu 24 og greitt til aðildarfélags sjóðanna á þeim tíma á rétt á stuðningi til náms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum.

Við ákvörðun upphæðar er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða. Félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða meira gefur fulla styrkupphæð.

## Nánari upplýsingar

Aðalbjörg G. Hauksdóttir, starfsmaður félagsins, adalbjorg@ein.is eða 460 3600, veitir nánari upplýsingar um styrki úr fræðslusjóðunum. Einnig er hægt að nálgast allar upplýsingar um sjóðina á heimasíðu félagsins, ***www.ein.is*** undir sjóðir og styrkir og á heimasíðum sjóðanna ***www.landsmennt.is***, ***www.rikismennt.is*** og ***www.sveitamennt.is.***

Ríkismennt
www.rikismennt.is

Landsmennt
www.landsmennt.is

Sveitamennt
www.sveitamennt.is

*Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni, um er að ræða stéttarfélög innan Starfsgreinasambands Íslands (SGS).*
*Ríkismennt er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS.*
*Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS.*

# Veistu hvað…? á ellefu tungumálum

***Fyrir nokkrum árum gaf félagið út bæklinginn „Veistu hvað við getum gert fyrir þig?" á sjö tungumálum, íslensku, dönsku, ensku, pólsku, rússnesku, spænsku og þýsku. Nokkru síðar var ákveðið að þýða bæklinginn yfir á arabísku, tælensku og rúmönsku. Núna er búið að þýða bæklinginn yfir á úkraínsku. Alla bæklingana ellefu má finna rafræna á heimasíðu félagsins. Einnig er hægt að nálgast þá á skrifstofum félagsins.***




Í þessum bækling er m.a. fjallað á stuttan hátt um sjúkrasjóðinn, orlofssjóðinn og fræðslusjóðinn. Svarað er spurningunni „Af hverju stéttarfélög" Fjallað er um trúnaðarmenn og til hvers þeir eru. Útskýrt hvað kjarasamningur er og sagt frá hverjir helstu kjarasamningar félagsins eru. Þá er sagt frá hvað félagsgjaldið færir viðkomandi og útskýrt er félagafrelsi, en launamönnum er frjálst að standa utan stéttarfélaga, þ.e. að gerast ekki fullgildir félagsmenn. Þá eru þeir aukafélagar þar sem vinnuveitendum ber að greiða af öllum starfsmönnum sem vinna eftir kjarasamningum félagsins. Aukafélagar borga en hafa engin réttindi! Borgar það sig?

# Ferðaávísun

***Á orlofsvef félagsins geta félagsmenn keypt ferðaávísun sem tryggir bestu kjörin á gistingu á fjölmörgum hótelum og gistiheimilum um allt land. Nú er líka hægt að nota ferðaávísunina upp í gönguferðir, en búið er að semja við Ferðafélag Íslands, Útivist og Fjallafjör um að taka við Ferðaávísun stéttarfélagana. Félagsmenn njóta sérkjara á völdum ferðum en einnig má nota Ferðaávísun upp í hvaða ferð sem er á vegum þessara fyrirtækja.***

Félagsmenn skrá sig inn á orlofsvef Einingar-Iðju og kaupa þar ferðaávísun sem hægt er að nota upp í gönguferðir eða gistingu á tugum hótela og gistiheimila í öllum landsfjórðungum, án þess að festa dagsetningu dvalarinnar. Þeir velja upphæð ávísunarinnar og greiða fyrir. Þeir bóka því næst gistingu á þeim stað sem þeim hugnast en herbergi, þjónusta og verð er breytilegt á milli gististaða. Félagið niðurgreiðir gistinguna um 20% af valinni upphæð. Niðurgreiðslan getur að hámarki verið 15.000 krónur á hverju almanaksári.

## *Margt í boði*

Í boði er allt frá einfaldri gistingu á litlum gistiheimilum upp í vegleg hótelherbergi með fullri þjónustu og dýrindis morgunverði. Einnig er hægt að velja upphæð að eigin vali, til dæmis 5.000 eða 15.000 krónur, og nota hvar sem er þegar land er lagt undir fót. Ávísunin veitir aðgang að bestu tilboðum þessara hótela og gistiheimila. Valið er þitt.

Ef umrætt hótel eða gistiheimili er fullt, eða ef ferðaáætlunin tekur breytingum þegar nær ferðinni dregur, er hægt að nota ávísunina hjá hvaða samstarfsaðila sem er, hvenær sem gistipláss er laust og með hvaða tilboði sem er. Þannig hafa félagsmönnum verið tryggð bestu hugsanlegu kjör og útilokað að þeir fari á mis við betri tilboð.

## *Frístundakortin*

Einnig er félagið þarna inni með til sölu Útilegukortið og Veiðikortið. Kaupa þarf kortin í gegnum Orlofsvefinn, þá sendist pöntun til viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna. Athugið að gott er að panta kortin með góðum fyrirvara. Það getur tekið allt að viku, jafnvel rúmlega það, að fá kort með póstinum.

***Á heimasíu félagsins má finna nánari upplýsingar um ferðaávísunina og ferðakortin, m.a. spurningar og svör um ferðaávísunina.***

***Ekki hika við að hafa samband ef þig vantar aðstoð.***




Pólýhúðun
Akureyri
Draupnisgötu 7m | Sími 462 6600
polyak@simnet.is | polyak.is

míla
lífæð samskipta

# Rúmlega 358 milljónir í greiðslur til félagsmanna á síðasta ári

*Á síðasta ári fengu félagsmenn Einingar-Iðju greiddar út rúmlega 358 milljónir úr sjóðum félagsins. Um 210,4 milljónir króna úr sjúkrasjóði, um 87,2 milljónir úr orlofssjóði og um 60,5 milljónir úr fræðslusjóði. Árið á undan var upphæðin rúmlega 316 milljónir.*

### Sjúkrasjóður

Greiðslur úr sjúkrasjóði Einingar-Iðju fóru í fyrsta skipti í sögu félagsins yfir 200 milljónir á síðasta starfsári, en eins og áður segir þá greiddi félagið út um 210,4 milljónir króna úr sjóðnum til félagsmanna. Þetta er hækkun um 41 milljón milli ára, en árið 2020 var upphæðin um 169,3 milljónir. Alls fengu 2.084 félagsmenn greitt á síðasta ári úr sjóðnum. Á árinu 2014 fóru greiðslur úr sjóðnum í fyrsta sinn yfir 100 milljónir.

Dagpeningagreiðslur vega mest í upphæðinni en á síðasta ári fengu félagsmenn greidda rúmlega 167 milljónir króna í dagpeninga miðað við um 132,4 milljónir árið 2020. Dagpeningagreiðslur geta verið vegna eigin veikinda, mjög alvarlega veikinda maka eða langveikra og/eða alvarlegra fatlaðra barna.

Aðrar greiðslur úr sjúkrasjóði námu alls rúmlega 43 milljónum kr. miðað við um 37 milljónir kr. árið áður. Þarna má m.a. nefna greiðslur vegna líkamsræktar, sjúkraþjálfunar og sjúkranudds, viðtöl við sálfræðinga og geðlækna, gleraugnaglerja, heyrnartækja, krabbameinsleitar o.fl.

**Greiðslur til félagsmanna**

| | 2021 | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| Sjúkrasjóður | 210.373.980 | 169.417.182 | 160.478.132 |
| Orlofssjóður | 87.213.563 | 86.523.915 | 78.581.081 |
| Fræðslusjóður | 60.524.038 | 60.447.045 | 45.119.788 |
| Alls | 358.111.581 | 316.388.142 | 284.179.001 |

### Fræðslusjóðir

976 félagsmenn, 592 konur og 384 karlar, fengu einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er sami fjöldi og árið áður. Upphæðin sem greidd var hækkaði örlítið milli ára og var kr. 60.524.038.

***Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?***

| | |
|---|---|
| Íslenska fyrir útlendinga | 89 |
| Tungumálanám | 9 |
| Framhaldsskól | 185 |
| Háskólanám | 309 |
| Tómstundanám | 29 |
| Starfstengt nám/námskeið | 216 |
| Almenn ökuréttind | 91 |
| Sjálfstyrkingarnámskeið | 19 |
| Náms- og kynnisferðir | 2 |
| Annað | 27 |

***Hverjir sóttu námskeiðin?***

| | |
|---|---|
| Almenni markaðurinn | 623 |
| Sveitarfélög | 327 |
| Ríkið | 26 |

***Aldursdreifing styrkþega:***

| | |
|---|---|
| 17-20 ára | 102 |
| 21-30 ára | 484 |
| 31-40 ára | 212 |
| 41-50 ára | 92 |
| 51-60 ára | 58 |
| 61-70 ára | 28 |

## Orlofsuppbót/persónuuppbót 2022

*Eining-Iðja vill minna félagsmenn á rétt sinn á að fá greidda orlofsuppbót/persónuuppbót, en það er föst fjárhæð sem atvinnurekendum er skylt að greiða starfsfólki sínu í maí/júní ár hvert. Uppbótin miðast við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, inniheldur orlof og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum kjarasamninga. Áunna orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar. Orlofsuppbót/persónuuppbót ársins átti að greiðast hjá þeim sem starfa á almennum vinnumarkaði og hjá ríkinu þann 1. júní sl., en 1. maí sl. hjá starfsfólki sveitarfélaga.*

### Hverjir eiga rétt á orlofsuppbót?

Þeir sem voru í fullu starfi á orlofsárinu 1. maí 2021 – 30. apríl 2022 áttu rétt á fullri uppbót, en annars greiðist hún í samræmi við starfshlutfall og starfstíma. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og reiknast orlof ekki ofan á orlofsuppbótina.

Starfsfólk á almennum vinnumarkaði: Fullt ársstarf telst vera 45 vikur eða meira fyrir utan orlof. Þeir sem hafa verið samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum miðað við 30. apríl sl. eða í starfi fyrstu vikuna í maí áttu rétt á uppbót.

Starfsfólk ríkis og sveitarfélaga: Þeir sem höfðu starfað 13 vikur samfellt á orlofsárinu eða voru í starfi til 30. apríl áttu rétt á uppbót.

***Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflu yfir upphæð orlofsgreiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma.***

# Kjaraviðræður SGS og SA hefjast í ágúst

***Viðræðunefnd Starfsgreinasambandsins afhenti á fundi í júní fulltrúum Samtaka atvinnulífsins kröfugerð SGS vegna kjarasamninga á almennum markaði, sem verða lausir 1. nóvember nk. Í viðræðunefndinni eru Vilhjálmur Birgisson, formaður SGS, Guðbjörg Kristmundsdóttir, varaformaður SGS, Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs starfsgreinafélags. Á fundinum var rætt um fyrirkomulag komandi viðræðna og þau úrlausnarefni sem liggja fyrir samningsaðilum. Gert er ráð fyrir að formlegar viðræður byrji um miðjan ágúst og voru aðilar sammála um að ganga skipulega til verks.***



*Frá fundi samninganefndar Einingar-Iðju fyrr á árinu. Í lok apríl var kröfugerð félagsins gagnvart stjórnvöldum og fyrir samningana á almenna markaðinum samþykkt og send til SGS sem punktar félagsins inn í kröfugerð sambandsins.*

Fulltrúar Einingar-Iðju munu taka virkan þátt í kjaraviðræðunum þegar þær hefjast í ágúst. Á fundi þann 8. júní sl. þegar kröfugerð sambandsins var samþykkt var jafnframt kosið í fyrrnefnda viðræðunefnd og í viðræðuhópa. Í þessa hópa voru skipaðir frá félaginu Anna Júlíusdóttir, Ingvar Kristjánsson, Tryggvi Jóhannsson, Rut Pétursdóttir og Arnór Sigmarsson. Eining-Iðja er eina félagið sem er með svona marga í viðræðuhópunum og dekka þá flesta.

***Hér að neðan eru nokkur meginatriði úr kröfugerð sambandsins.***

Kröfugerð Starfsgreinasambands Íslands byggir á grunni kjarasamnings SGS og SA sem tók gildi 1. apríl 2019. Kröfugerðin byggir á kröfugerðum 17 af aðildarfélögum SGS, sem samþykktar voru á félagslegum vettvangi eftir vandaða vinnu einstakra félaga.

Lögð er áhersla á áframhaldandi hækkun lægstu launa og að tryggja kaupmátt launafólks. Krónutöluhækkanir á laun, eins og samið var um í núgildandi kjarasamningi, skila launafólki mestum árangri og er það krafa SGS að samið verði um krónutöluhækkanir á kauptaxta í komandi kjarasamningum.

Við gerð síðustu kjarasamninga var horft til þess að samningarnir leiddu af sér lækkun vaxta. Seðlabankinn hefur nú í þrígang hækkað stýrivexti og Landsbankinn spáir því að þeir verði komnir í 4,25% árið 2023, eða á sama stað og þeir voru við gerð Lífskjarasamningsins vorið 2019. SGS mun ekki una því að vaxandi verðbólgu vegna aðgerðaleysis stjórnvalda í húsnæðismálum, og erlendra hækkana verða sett á herðar okkar félagsmanna.

Samtök launafólks sömdu um það í síðustu samningum að auka ráðstöfunartekjur launafólks með heildstæðum hætti, með krónutöluhækkunum, vaxtalækkunum og aðgerðum af hálfu stjórnvalda. Aðstæður þær sem nú eru í samfélaginu og efnahagsumhverfinu kalla á svipaða aðferðafræði og víðtækt samstarf og samráð til að bregðast við miklum vanda á húsnæðismarkaði, tryggja kaupmátt og öfluga grunnþjónustu um land allt.

Nú eru uppi þær aðstæður í samfélaginu að aðkoma stjórnvalda að kjarasamningum mun skipta miklu máli við gerð þeirra. Stóraukin verðbólga, miklar verðhækkanir og mikill vandi á húsnæðismarkaði kalla á að stjórnvöld og SA taki höndum saman við samtök launafólks til að tryggja kaupmátt, húsnæði fyrir alla og öfluga grunnþjónustu um land allt.

Tímalengd samningsins mun ráðist af þeim aðstæðum sem verða í efnahagslífi í haust og innihaldi samningsins.







# Að standa með sjálfum sér

*Fyrr á árinu bauð Eining-Iðja trúnaðarmönnum félagsins upp á frítt námskeið í SÍMEY, Að standa með sjálfum sér. Ágæt þátttaka var á námskeiðinu og voru þeir trúnaðarmenn sem tóku þátt mjög ánægðir með hvernig til tókst og sögðu að það hefði verið mjög gagnlegt. Námskeiðið stóð yfir í alls sex tíma og var kennt í tveimur hlutum. Leiðbeinandi var Dr. Sigrún Stefánsdóttir fjölmiðlafræðingu.*

### *Aðeins um námskeiðið*

Samkeppnin um athygli hefur sjaldan verið jafn hörð og nú. Hvaða leiðir eru færar til þess að koma þér og þínu félagi að í nútímasamfélagi? Á námskeiðinu var farið yfir nokkur mikilvægt atriði sem geta komið að gagni við að kynna þig og félagið þitt. Hvernig náið þið eyrum yfirmanna? Hvernig undirbýr maður sig fyrir aðalfundinn og hvernig á að svara fjölmiðlafólkinu? Hvað er fréttnæmt hjá félaginu? Skiptir sýnileiki máli? Ávinningurinn er aukið sjálfstraust og aukin virðing fyrir starfi trúnaðarmanna.

***Á námskeiðinu var m.a. farið yfir eftirfarandi þætti.***

- Hver er styrkur ykkar sem trúnaðarmenn?
- Hvers vegna voruð þið valin til trúnaðarstarfa?
- Hvaða eiginleika þarf trúnaðarmaður að hafa?
- Hvernig undirbúið þið samtalið við yfirmennina?
- Tjáskipti án orða?
- Að tala í pontu – æfingar.
- Sjálfstraustið. Er hægt að byggja það upp?
- Hvaða máli skiptir sýnileikinn?



*Hluti þátttakenda ásamt Dr. Sigrúnu Stefánsdóttur kennara.*




## Skil á gögnum í sjóði

**Félagsmenn athugið! Fundur er haldinn í stjórn sjúkrasjóðs Einingar-Iðju einu sinni í mánuði. Gögn sem leggja á fyrir fund þurfa að hafa borist til skrifstofunnar í síðasta lagi 24. hvers mánaðar.**

***ATH! breytilegt er milli ára hvenær skila þarf gögnum í febrúar og desember.***

**Umsóknir um allar greiðslur úr sjúkrasjóði eru lagðar fyrir fund þ.m.t. dagpeningar, endurgreiðslur vegna sjúkraþjálfunar, sjúkranudds, krabbameinsleitar og allra styrkja sem greiddir eru skv. reglugerð sjóðsins.**

**Það sama gildir vegna skila á gögnum til fræðslusjóða félagsins. Ekki er hægt að ábyrgjast greiðslu um næstu *mánaðamót ef gögn koma eftir 24. hvers mánaðar.***

# Eitt stærra hús í boði á Illugastöðum

*Um miðjan júní sl. var hús félagsins nr. 18 á Illugastöðum í Fnjóskadal tekið í notkun á ný eftir stækkun og algjörar endurbætur á gamla hlutanum. Í september í fyrra ákvað stjórn Einingar-Iðju að láta stækka húsið og hófust framkvæmdir í byrjun október. Eftir stækkun er húsið um 80 fermetrar að stærð, en viðbyggingin sjálf er um 30 fermetrar. Þrjú svefnherbergi eru í húsinu, tvö hjónaherbergi með tvíbreiðum rúmum en í öðru þeirra er líka koja fyrir tvo. Þriðja herbergið er með breiðu rúmi og koju fyrir ofan en í húsinu er svefnpláss fyrir níu manns. Í húsinu eru tvö baðherbergi. Eldhús og stofa eru í sama rýminu.*



SKG verktakar sáu um framkvæmdina en um hönnun og eftirlit með framkvæmdinni sá Ágúst Hafsteinsson, arkitekt á Form arkitektastofu. Samstarf við þessa aðila var til fyrirmyndar. Vægt til orða tekið er húsið stórglæsilegt og er óhætt að óska félagsmönnum til hamingju með það. Fleiri myndir úr húsinu má finna á orlofsvef félagsins og nokkrar myndir frá framkvæmdum má sjá í myndasafninu á heimasíðu Einingar-Iðju.











# Góð dagsferð fyrir aldraða félagsmenn

***Hin árlega eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-Iðjufélaga var farin í lok júní. Í ár var farið út í Hrísey. Ekið var um eyjuna og hún skoðuð, m.a. var farið í Hús Hákarla Jörundar. Hádegisverður var snæddur í íþróttahúsinu undir ljúfum tónum ungs harmonikkuspilara. Að því loknu var siglt í land á ný og ekið um Svarfaðardal. Að lokum var farið í kaffihlaðborð í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík.***

Á heimasíðu félagsins m sjá fleiri myndir úr ferðinni.

Hér fyrir neðan eru vísur sem Davíð Hjálmar Haraldsson samdi um ferðina.

### Einingarferð aldraðra til Hríseyjar 23. júní 2022

*Einingu ég æ til ferða kýs.*
*Með Sævari er siglt að skoða hrís.*

*Öldungana út á Sand*
*ágæt rúta flytur.*
*Veðurspáin virðist grand;*
*væta, hríð og rok í bland.*
*Björn er fararstjóri, vænn og vitur.*

*Hér er einnig Óskar Þór*
*– algjör bolakálfur –*
*en Svafaðardalssagnafrjór*
*og sveitarprýði hugumstór*
*og fræðaþulur að hann segir sjálfur.*

*Um dalinn hans við ökum aukahring.*
*Hann mærir sérhvern melkoll, stein og bing.*

*Lagt er út á ólgusjá.*
*Æðir vindur stríður.*
*Hrísey köld og htyssingsgrá*
*– hrjóstrugt sker með rjúpum á –*
*klökug öll í ballarhafi bíður.*

*Límósína léttir för,*
*við lendinguna tekur*
*og flytur glettin, gömul skör*
*svo gjögtir liður, ískrar hjör.*
*Æsingu og unaðshroll það vekur.*

*Keyrum við um kerfilbrúsk og strá*
*og flugvöllinn með fjórum rellum á.*

*Hákarls-safn hér heima á*
*og hörku Leikhús-Pétur.*
*„Ég er Alli" segir sá*
*og sögum lýgur til og frá*
*og lýgur áfram lengi því hann getur.*

*Svo fá gamlir góða steik*
*og gúmmelað að eta*
*og hella sér í hörku sleik*
*við harmónikuundirleik.*
*Undrar mann hvað öldungarnir geta.*
*Loks er haldið heim við más og frýs.*
*Kemst ég með að Kröflu þegar gýs?*

*DHH*









# Eining-Iðja þakkar eftirtöldum veittan stuðning

Akureyri Backpackers

Almenna lögþjónustan
Þorsteinn Hjaltason hdl.

ASÍ
Alþýðusamband Íslands

Deloitte.

EIGNAVER
FASTEIGNASALA

EYJAFJARÐARSVEIT

FALLORKA

HVAMMUR
FASTEIGNA/SKIPASALA

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA

Fjallabyggð

form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR
KAUPANGI v/MÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099

GJÖGUR HF
GRENIVÍK

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur Europcar
Þínar þarfir - okkar þjónusta

KS
Kaupfélag Skagfirðinga

KJARNAFÆÐI NORÐLENSKA

Landsmennt
www.landsmennt.is

Ríkismennt
www.rikismennt.is

ICE FRESH SEAFOOD
SAMHERJI HF

stefna
hugbúnaðarhús

STRIKIÐ
RESTAURANT & BAR

Sveitamennt
www.sveitamennt.is

PRENTÞJÓNUSTA TUNNAN
S. 467-1288
www.tunnan.is
tunnan@tunnan.is
PRENTUN - ÚTGÁFA - PAPPÍR - VERSLUN

ÚTILEGU KORTIÐ

DALVÍKURBYGGÐ

Krambúðin

KJÖRBÚÐIN
*í næsta nágrenni*




*Björn formaður flytur skýrslu stjórnar.*

# Aðalfundur Einingar-Iðju

***Aðalfundur Einingar-Iðju var haldinn í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri 6. apríl sl. Á fundinum fór Björn formaður yfir skýrslu stjórnar, Hermann Brynjarsson, , frá endurskoðunarfyrirtækinu Enor ehf., fór yfir ársreikningana og einnig voru kosnir 40 fulltrúar Einingar-Iðju í fulltrúaráð Stapa lífeyrissjóðs***

Ágæt mæting var á fundinn sem var snertifundur, en síðustu tveir aðalfundir voru rafrænir vegna Covid. Þegar Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar sagði hann m.a. „Loksins getum við haldið okkar aðalfund saman en ekki rafrænt á Teams eins og við höfum þurft að gera á þessum Covid tímum. Það er mikill munur á því að hafa ykkur hér í salnum en að hafa ykkur á skjánum, þó að það hafi bjargað því að hægt var að halda fundi.“

Björn sagði jafnframt „Það er ekki bara Covid sem hrjáir okkur heldur er stríð sem gerir svo mörgum miklar þjáningar á stríðssvæðunum og einnig því fólki sem þarf að flýja landið sitt og vera upp á aðra komna langt frá sínum heimahögum. Við Íslendingar höfum sem betur fer ekki lent í svona löguðu en hugur okkar er hjá þessu fólki og þau eiga allan okkar stuðning. Ég vil biðja ykkur um að standa á fætur og hugsa hlýtt til þessa fólks í eina mínútu þeim til styrktar. Takk fyrir.

Lífið er ekkert auðvelt og þetta stríð mun koma til með að gera launafólki erfiðara fyrir. Verðbólga mun aukast, vextir munu hækka og allt verðlag fylgir með. Það verður kjararýrnun og spurning hvað hún verður mikil. En það er smá ljósgeisli að laun hækka um 10.500 kr. á taxta og almennt um 7.875 kr. Hann gildir frá 1. apríl sl. það er þessi Hagvaxtarauki sem samið var um í síðustu samningum.“

## Kjarasamningaviðræður framundan

Björn fjallaði um að kjarasamningar á almenna markaðinum væru lausir í haust og á árinu 2023 hjá ríki og sveitarfélögum. „Undirbúningur félagsins er í fullum gangi og hafa margir komið þar að verki. Samninganefnd félagsins ákvað að fara í skoðanakönnun meðal félagsmanna um hvað þeir vildu leggja áherslu á í næstu samningum.“ Hann sagði að könnunin hefði verið rafræn og að það væri sorglegt að einungis um 10% þeirra sem fengu bréfin sem svöruðu „eða aðeins 1/3 af þeim fjölda svara sem við fengum þegar eyðublöðin fóru á vinnustaði. Ég hef spurt mig af hverju mönnum sé alveg sama um sín mál. Eru það einhverjir aðrir sem eiga að sjá um þetta eða finnst fólki tilgangslaust að vera tjá sig. Það segja margir við mann að það sé ekkert gert með það sem maður segir og þessi félög séu orðin tímaskekkjur. Forustumenn eru í hár saman og engir ávinningar nást. Þetta er einmitt málflutningurinn sem SA vill heyra. Það er unnið hér hjá okkar félagi nákvæmlega eftir því sem félagsmennirnir hafa sett á blað í þeim könnunum sem við gerum. Það hefur skilað sér í margvíslegum bótum bæði launalega og réttindalega. Eining-Iðja hefur verið í forustu fyrir marga samninga og þótt ýmsir berji sér á brjóst að allt sé best hjá þeim þá eru okkar samningar síst verri en þeirra. Annað er að það er ekkert félag sem hefur tekið fleiri aðila inn í samningaviðræður en við. Það er ekki bara formaðurinn sem tekur þátt.“

## Finnum þörfina eftir ráðgjöf og hjálp

Björn fjallaði einnig um samstöðuna innan hreyfingarinnar og sagði m.a. að hún hafi mikið verið rædd að undanförnu og að menn tali um fylkingar og að hatur sé á milli manna. „Starfsfólk stéttarfélaga er dregið inn í umræðuna eins og það séu einhverjir sökudólgar. Það er allavega ljóst að í okkar Gallup könnun þá er vaxandi ánægja með félagið í heild og ekki síst með þá þjónustu sem fólk fær hjá starfsfólki félagsins. Það er nefnilega ekki alltaf

auðvelt að gera alla ánægða en að gera sitt besta er mottó starfsfólks Einingar-Iðju.

Könnunin segir að vel hafi tekist til í þeim efnum. Það er ekki allra að fjalla um erfið mál sem upp koma, það getur snúist um lífsviðurværi og að eiga mat fyrir börnin sín, að vita hvernig á að tækla áreitni bæði félagslega og kynferðislega auk allra annara vandamála. Það að grátið sé inn á skrifstofum okkar er mjög algengt. En það eru líka tilvik sem menn verða reiðir og jafnvel hóta miska. Það þarf bein til að þola svona og hefur félagið reynt að koma til móts við starfsfólkið með því að halda sjálfstyrkingarnámskeið og veita því alla þá aðstoð sem þurft hefur. Skrifstofunni berast meira en 100 símtöl á dag og einnig koma tugir manns með allskonar erindi í hverri viku. En gott og traust starfsfólk er gulls ígildi og þannig starfsfólk eigum við hjá Einingu-Iðju.

Af hverju er mér svona tíðrætt um þetta? Það er vegna þess að við finnum þörfina hjá fólki eftir ráðgjöf og líka hjálp við hinum ýmsu vandamálum sem fólk er að glíma við. Það að stéttarfélög séu óþörf held ég að sé ekki framalega í huga þessa fólks. Það hafa aldrei fleiri þurft hjálp sjúkrasjóðs eins og á síðasta ári. Covid hefur örugglega haft einhver áhrif á það."

### Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Í kjöri þetta árið var varaformaður og einn meðstjórnandi. Stjórn Einingar-Iðju skipa nú: Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Gunnar Magnússon ritari, Sunna Líf Jóhannsdóttir meðstjórnandi.

Svæðisfulltrúarnir þrír; Elín Kjartansdóttir fyrir Fjallabyggð, Guðrún Þorbjarnardóttir fyrir Hrísey og Dalvíkurbyggð og Róbert Þorsteinsson fyrir Grenivík.

Þrír formenn deilda og þrír varaformenn sitja einnig í stjórninni; Ingvar Kristjánsson og Svavar Magnússon frá Iðnaðar- og tækjadeild, Guðbjörg Helga Andrésdóttir og Ingibjörg María Ingvadóttir frá Opinberu deild og Tryggvi Jóhannsson og Bethsaida Rún Arnarsson frá Mat--væla- og þjónustudeild.

### Mikil ánægja með félagið og störf stjórnar

Mikil ánægja hefur ríkt með félagið, þjónustuna og störf stjórnar félagsins í viðhorfskönnunum sem Gallup hefur framkvæmt undanfarin ár, þar sem 1.500 félagsmenn eru spurðir ýmissa spurninga, m.a. um viðhorf til stjórnar og þjónustu félagsins.

Um 96,5% svarenda sögðust vera sáttir eða hvorki né er spurt var hvort viðkomandi væri sáttur eða ósáttur við Einingu-Iðju, þar af merktu rétt tæplega 82% við að þau væru sátt við félagið. Tæplega 98% merktu við ánægður eða hvorki né er spurt var hversu ánægður eða óánægður ertu með þjónustu Einingar-Iðju þegar á heildina væri litið.

Þetta eru mjög svo svipaðar niðurstöður og á síðustu árum.

***Á heimasíðu félagsins er hægt að nálgast ræðu formanns í heild sinni sem og ársskýrsluna, en hún inniheldur skýrslu stjórnar og ársreikning félagsins.***



*Hér má sjá gullmerkjahafana ásamt formanni og varaformanni félagsins. F.v.:Björn Snæbjörnsson, Guðrún, Baldvin, Hallfríður og Anna Júlíusdóttir.*

## Þrjú sæmd gullmerki félagsins

***Á aðalfundi félagsins tilkynnti Björn formaður að stjórn félagsins hefði ákveðið að veita þremur félögum gullmerki félagsins. Þetta voru þau Guðrún Þorbjarnardóttir, Hallfríður Hallsdóttir og Baldvin Hreinn Eiðsson. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, sagði við það tilefni að þau sem hlutu viðurkenningu hafi unnið sitt starf af trúmennsku og óeigingirni. „Það er gaman fyrir félagið að geta sýnt því fólki sem starfað hefur lengi fyrir félagið og ekki síst sína samstarfsfélaga smá þakklætisvott fyrir hið mikla starf sem þau hafa innt af hendi," sagði Björn.***

Hér fyrir neðan má sjá hvað Björn hafði um þau að segja áður en hann sæmdi þau gullmerkinu.

### Guðrún Þorbjarnardóttir

Hún er svæðisfulltrúi svæðisráðs Hríseyjar- og Dalvíkurbyggðar og á sæti í stjórn félagsins og er vararitari hennar. Hún hefur verið trúnaðarmaður á sínum vinnustað er í samninganefnd og trúnaðarráðinu ásamt því að vera í nefndum og ráðum innan okkar raða. Hún er tengiliður félagsins við félagsmenn okkar í Hrísey.

### Hallfríður Hallsdóttir

Hún hefur verið trúnaðarmaður á sínum vinnustað, í samninganefnd og er í trúnaðarráði félagsins, ásamt því að vera í nefndum og ráðum innan okkar raða. Hún hefur alltaf verið boðin og búin til að taka að sér verkefni fyrir félagið ef eftir því hefur verið leitað.

### Baldvin Hreinn Eiðsson

Hann hefur verið lengi trúnaðarmaður á sínum vinnustað hefur verið í samninganefnd og er í trúnaðarráði félagsins ásamt því að vera í nefndum innan okkar raða. Hann hefur haft þann stíl sem trúnaðarmaður að vinna að málefnum sinna vinnufélaga með rólegheitum og yfirvegun sem hefur skilað góðum árangri fyrir þá.



# Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs

*Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn 1. júní sl. í Hofi á Akureyri. Mæting á fundinn var góð en sjóðfélögum var einnig gefinn kostur á að fylgjast með fundinum í vefútsendingu. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin ársfundarstörf. 40 fulltrúar frá Einingu-Iðju áttu rétt á setu á fundinum þar sem Tryggvi Jóhannsson, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2021. Þá fór Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, yfir ársreikning sjóðsins og áritanir ásamt því að gera grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu. Jóhann Steinar fór einnig yfir fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu sjóðsins í fjarveru fjárfestingastjóra.*

Á fundinum voru lagðar fram fjórar tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins. Einar Ingimundarson lögmaður og Jóna Finndís Jónsdóttir forstöðumaður réttindasviðs, gerðu grein fyrir þeim breytingum og voru þær allar samþykktar.

Farið var yfir starfskjarastefnu sjóðsins sem er óbreytt frá fyrra ári og var hún samþykkt samhljóða. Þá var einnig samþykkt tillaga að KPMG sem löggiltum endurskoðanda sjóðsins og tillaga að breytingu stjórnarlauna frá fyrra ári, í samræmi við hækkun á launavísitölu.

Stjórnarkjöri var lýst en stjórn sjóðsins var kosin á fulltrúaráðsfundi sjóðsins þann 4. maí sl.

**Stjórn Stapa lífeyrissjóðs skipa í dag:**

***Frá launaþegum:*** Tryggvi Jóhannsson (varaformaður), Guðný Hrund Karlsdóttir, Oddný María Gunnarsdóttir og Sverrir Mar Albertsson. Varamenn: Heimir Kristinsson og Sigríður Dóra Sverrisdóttir.

***Frá launagreiðendum:*** Erla Jónsdóttir (formaður), Dagmar Ýr Stefánsdóttir, Unnar Már Pétursson og Valdimar Halldórsson.
Varamenn: Guðrún Ingólfsdóttir og Páll Snorrason.

Þá var í samþykkt samhljóða nefnd um laun stjórnar. Í nefndinni sitja stjórnarformaður Stapa, Jens Garðar Helgason, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Þórarinn G. Sverrisson.

### *Árið 2021 í hnotskurn*

- *Besta ávöxtun í sögu sjóðsins*
- *Hlutfall rekstrarkostnaðar 0,14% - það lægsta í sögu sjóðsins –*
- *Ný lífslíkuspá staðfest í lok árs - skuldbindingar aukast –*
- *Rekstur sjóðsins komst aftur í fastar skorður í kjölfar áskorana vegna Covid-19*

Í máli Tryggva, þegar hann flutti skýrslu stjórnar, kom m.a. fram að nýliðið ár var afar árangursríkt í rekstri Stapa lífeyrissjóðs. „Nafnávöxtun tryggingardeildar reyndist vera 18,5% sem er besti árangur sjóðsins í núverandi mynd. Góða ávöxtun sjóðsins má einna helst rekja til mikilla hækkana á innlendum og erlendum hlutabréfum. Ávöxtun af innlendum skuldabréfum var undir væntingum vegna hækkana Seðlabankans á stýrivöxtum þegar líða fór á árið til að reyna að halda aftur af verðbólgu sem jókst hröðum skrefum þegar leið á árið."

Jafnframt kom fram í máli Tryggva að undanfarin þrjú ára hafa verið afskaplega hagfelld hvað varðar ávöxtun eigna Stapa lífeyrissjóðs. „Frá ársbyrjun 2019 til ársloka 2021 hækkaði svokölluð eignavísitala Stapa um 51%. Réttindasjóður sjóðfélaga er uppreiknaður með þessari sömu eignavísitölu og hafa óúrskurðuð réttindi því hækkað um ríflega helming á þessu tímabili. Góðri ávöxtun eigna sjóðsins er þannig miðlað beint yfir í aukin réttindi sjóðfélaga. Stapi hefur einn íslenskra lífeyrissjóða innleitt í samþykktir sínar beina tengingu milli óúrskurðaðra réttinda og ávöxtun eigna."

Heildarlífeyrisgreiðslur tryggingadeildar sjóðsins á árinu námu 7.913 milljónum króna og hækkuðu um 11% frá fyrra ári. Stærstan hluta lífeyrisgreiðslna má rekja til eftirlauna, eða sem nemur 72%, örorkulífeyrir nam 24% af lífeyrisgreiðslum sjóðsins og barna- og makalífeyrir 4%. Lífeyrisþegar í árslok voru 11.588 og fjölgaði um 622 frá fyrra ári.

*Ávarp Tryggva stjórnarformanns í heild, ársskýrslu Stapa og ársreikning má m.a. finna á vef félagsins, www.ein.is*

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

# Do członków związku Eining-Iðja

**Prawo do korzystania z urlopu letniego.** Wszyscy mają prawo do urlopu,przez okres co najmniej 24 dni roboczych. Gdy pracownik zachoruje w czasie urlopu, okresu choroby nie wlicza się do urlopu, jeśli pracownik przedłoży zwolnienie lekarskie, potwierdzające niemożność korzystania z urlopu.Natychmiast należy zgłosić przełożonemu – telefonicznie lub telegraficznie – jeśli pracownik zachoruje lub ulegnie wypadkowi w czasie urlopu.

**Umowa o pracę (Ráðningarsamningar).** Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.
W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.
Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą .Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.
W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę ,a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę

**Dodatek urlopowy 2022 (Orlofsuppbót).** *Czy nie masz na pewno dodatek urlopowy?* Związek Zawodowy Eining-Iðja chce przypomnieć swoim członkom o przysługującym im prawie do otrzymania wypłaty dodatku urlopowego.
Pracownicy, którzy wypracowali sobie pełne prawa urlopowe , pracując u tego samego pracodawcy przez cały ostatni rok urlopowy (od 1.maja do 30. kwietnia) i byli zatrudnieni w ostatnim tygodniu kwietnia lub pierwszym tygodniu maja, dostają wypłacony specjalny jednorazowy dodatek urlopowy (orlofsuppbót). Tegoroczna kwota dla tych, którzy działają na rynku prywatnym, a państwo (1 czerwca) jest kr. 53.000 na podstawie pełnego zatrudnienia, zgodnie z wszystkich umów o pracę. Tegoroczna kwota dla tych, którzy pracują dla gmin (1 maja) jest kr. 53.000, zgodnie z wszystkich umów o pracę. Do wyżej wymienionego dodatku nie dolicza się pensji urlopowej (orlofslaun).
*Kto ma prawo do zasiłku urlopowego?* Ci, którzy byli zatrudnieni w 1 roku urlopu. 2021 maja – 30. 2022 kwietnia były uprawnione do pełnego zasiłku, ale w przeciwnym razie jest wypłacana zgodnie z szybkością pracy i czasu pracy.
Premia urlopowa jest stałą kwotą i nie oblicza urlopu na szczycie urlopu urlopowego.
*Personel na ogólnym rynku pracy:* zatrudnienie w pełnym wymiarze lat jest uważane za 45 tygodni lub więcej w przypadku braku urlopu. Ci, którzy są stale zatrudnieni przez pracodawcę przez 12 tygodni w ciągu ostatnich 12 miesięcy w porównaniu do 30. Pierwszy tydzień w maju miał prawo do zasiłku.

*Pracowników państwowych i lokalnych:* tych, którzy pracowali 13 tygodni po kolei w trakcie wakacji lub byli w pracy na 30. Kwietnia mieli prawo do zasiłku. Na stronie internetowej firmy, www.ein.is, można znaleźć stoły o wysokości wynagrodzenia urlopowego na podstawie stawki pracy i czasu pracy.

# *ถึงสมาชิก Einingu-Iðju ทุกท่าน*

**สิทธิในการขอลาพักร้อน** (Réttur til að taka sumarfrí)
สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในการลาพักร้อน ซึ่งอย่างต่ำรวม 24 วันของวันทำงาน
หากเกิดเจ็บป่วยในเวลาหยุดพักร้อน วันหยุดพักร้อนดังกล่าวจะเป็นโมฆะ
และจะถือเป็นวันลาป่วยแทน
ซึ่งสามารถเก็บวันที่เกิดเจ็บป่วยเอาไว้เป็นวันหยุดพักร้อนได้
แต่สมาชิกฯจะต้องแจ้งให้หัวหน้าทราบโดยทันทีทันใด
ด้วยการโทรฯและทิ้งข้อความ
เพื่อแจ้งการเจ็บป่วยหรือเกิดอุบัติเหตุในขณะลาพักร้อน
และต้องยื่นใบแพทย์เพื่อเป็นการยืนยันว่าป่วย
มิฉะนั้นจะเสียสิทธิในการพักร้อนได้

**วัน หยุด 2022** (Orlofsuppbót).
ท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อนหรือไม่ (Átt þú rétt á orlofsuppbót)
ตามสัญญาว่าจ้างแรงงานนั้น
สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน
สมาชิกที่มีสิทธิได้รับเงินโบนัสฯเต็มอัตราคือ
จะต้องทำงานที่เดียวกันเป็นเวลานานครบหนึ่งปีเต็ม (ตั้งแต่วันที่ 1 พฤษภาคม จนถึงวันที่ 30เมษายน )
และบุคคลที่ทำงานถึงสัปดาห์สุดท้ายของเดือนเมษายน
หรือต้นเดือนพฤษภาคม ก็จะได้เงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน
จำนวนของเงินโบนัสฯจะมากหรือน้อยนั้น
ขึ้นอยู่กับสัดส่วนในการทำงานของพนักงาน และสัญญาอัตราค่าจ้างแรงงาน
จำนวนในปีนี้สำหรับผู้ที่ทำงานในตลาดเอกชนและรัฐ (1 มิถุนายน) คือ KR 53000 ขึ้นอยู่กับการจ้างงานเต็มรูปแบบให้สอดคล้องกับทุกสัญญาว่าจ้าง
จำนวนในปีนี้สำหรับผู้ที่ทำงานให้กับเทศบาล (1 พฤษภาคม) คือ KR 53000 สอดคล้องกับทุกสัญญาว่าจ้าง
โบนัสวันหยุดไม่รวมอยู่ในจำนวนเงินที่เป็นพื้นฐานของการคำนวณค่าจ้างในวันหยุด

**สัญญาการว่าจ้างทำงาน** (Ráðningarsamningur)
ข้อตกลงในสัญญาว่าจ้างนั้น ลูกจ้างต้องได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร
ซึ่งต้องมีรายละเอียดเกี่ยวกับระยะเวลาของการว่าจ้าง
และระดับเงินเดือนตามสัญญาว่าจ้างอยู่ในประเภทใด และเงื่อนไขต่างๆ
โดยทั่วไปในการทำสัญญาการว่าจ้าง
จะต้องทำหลังจากลูกจ้างได้ทำการปฏิบัติหน้าที่แล้วหนึ่งเดือน
หากลูกจ้างได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร
ก็จะเป็นหลักประกันในการทำงานของลูกจ้าง
เพราะหากมีข้อขัดแย้งระหว่างนายจ้างกับลูกจ้าง
ก็สามารถพิจารณาในสัญญาการว่าจ้างเป็นข้อตัดสิน
ที่สำนักงาน Eining –Iðja ท่านสามารถติดต่อขอข้อมูล
ในการทำสัญญาการว่าจ้างทำงานได้
และสามารถขอแบบฟอร์มใบคำร้องต่างๆที่เกี่ยวข้องในการทำสัญญา
ระยะเวลาของการออกและให้ออกจากงาน

- ต้องเป็นไปตามสิทธิของทั้งสองฝ่าย
- จะต้องเป็นลายลักษณ์อักษร
- ต้องทำงานจนถึงสิ้นเดือน

หากทำงานได้เพียงสองสัปดาห์ สามารถลาออกหรือให้ออกจากงานได้ทันที
หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่าสองอาทิตย์, หลังจากนั้น 12 วัน จึงจะสามารถลาออกหรือให้ออกได้
หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 เดือน
ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน และต้องทำงานอีก 1 เดือนก่อนออกจากงาน
(เพื่อให้เวลากับลูกจ้างหางานใหม่ หรือนายจ้างหาลูกจ้างใหม่)
หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 ปี ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน
และต้องทำงานอีก 3 เดือนก่อนออ

# To the members of Eining-Iðja

*Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.*




## Holiday bonus

Eining-Iðja reminds its members of their right to receive a holiday bonus. Employees who have earned full vacation rights by working for the same employer during the past full year, defined as lasting from 1 May to 30 April, and were in employment during the last week of April or the first week of May, will be paid on 1 May or 1 June a special single-sum holiday bonus. This year's amount for those who work in the private market and the State (1 June) is kr. 53,000 based on full employment, in accordance with all employment contracts. This year's amount for those who work for municipalities (1 May) is kr. 53,000 in accordance with all employment contracts. The holiday bonus is




not included in the amount that forms the basis of holiday pay calculations.

## *Fishing card / Camping Card*

In the summer of 2022, Eining-Iðja offers members once again to buy the Camping Card and The Fishing Card on special terms. By purchasing a card with the company, members can therefore save significantly. The cards must be purchased through the Vacation Home website, (www.orlof.is/ein) then an order will be sent to the relevant vendors who send the cards to members. The cards will NOT be for sale in the company's offices.

***Please note that reservations are good in advance. It can take up to a week, even just over it, to get a card by mail.***
Members can also purchase a travel cheque on their vacation home, which guarantees the best accommodation in hotels and bed and breakfasts across the country.




**With the Fishing card** (kr. 4.100) you can fish almost as much as you like in 36 lakes all around Iceland. Veiðikortið 2022 is valid for one person and only for the year 2022. Kids under the age of 14 fish free with a cardholder. For more information and a list of lakes see www.veidikortid.is

**The Campingcard** (kr. 12.900) only allows free camping for a maximum of two adults and four children up to the age of 16 per unit (campervan/tent/motorhome) at campsites, listed in the Camping Card brochure and website, www.utilegukortid.is
The Camping Card is valid for 28 nights per card. Each night counts as one unit, meaning that two adults and up to four children are counted as one unit and 28 units equal 28




nights. These 28 nights can be used from the day that campsites are open to September 15th, 2022. When the 28 nights/units have been used the card is no longer valid. For more information see www.utilegukortid.is

## *Employment contracts*

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work. It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference. Please contact Eining-Iðja office for further information relating to the composition of written employment contracts and special forms for writing such contracts.



# VIRK starfsendurhæfingarsjóður

## Viltu ná fyrri styrk?

*Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings. Einstaklingur sem óskar eftir þjónustu VIRK þarf að byrja á að panta tíma hjá lækni og ræða við hann hvort starfsendurhæfing hjá VIRK sé raunhæfur kostur.*

### Gott ár í þjónustu þrátt fyrir Covid

Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK, sagði í síðasta ársriti VIRK um starfsendurhæfingu að árið 2021 hefði verið gott ár í þjónustu VIRK þrátt fyrir sérstakar aðstæður vegna Covid. „Í starfsemi VIRK var lögð mikil áhersla á það að halda uppi eins mikilli þjónustu og mögulegt var þrátt fyrir samkomutakmarkanir. Starfsstöðvum VIRK var aldrei lokað á þessum tíma, einstaklingum var boðið upp á viðtal hjá ráðgjöfum eða viðtal í gegnum öruggan fjarfundarbúnað eftir þörfum og óskum hvers og eins. Mjög margir þjónustuaðilar sem starfa með VIRK voru öflugir við að aðlaga þjónustu sína að aðstæðum á hverjum tíma. Einnig var aukið úrval af þjónustu þróað á stuttum tíma í gegnum netið til að mæta þörfum einstaklinga á tímum Covid. Þessi þróun mun síðan nýtast okkur til framtíðar þar sem fjölbreytni í þjónustumöguleikum er orðin mun meiri og aukið framboð af þjónustu í gegnum netið hefur t.d. komið landsbyggðinni mjög til góða og tryggt þar meiri fjölbreytni í þjónustu. Árangur VIRK á árinu 2021 var góður og mikill fjöldi einstaklinga útskrifaðist með starfsgetu og í virka þátttöku á vinnumarkaði."

### Fjöldi í þjónustu gæti aukist vegna Covid

Vigdís sagði jafnframt að fjöldi í þjónustu VIRK hafi verið nokkuð stöðugur undanfarin 3 ár, en algengur fjöldi einstaklinga í þjónustu er um 2400 einstaklingar á hverjum tíma. „Covid hefur ekki ennþá haft afgerandi áhrif á fjölda í þjónustu VIRK en það bendir ýmislegt til þess að fjöldinn gæti aukist á næstu mánuðum og árum m.a. vegna áhrifa Covid. Áhrif efnahagsáfalla koma oft ekki strax fram í aukinni þörf fyrir starfsendurhæfingu. Afleiðingarnar koma í ljós síðar eins og gerðist t.d. eftir efnahagshrunið 2008 en einstaklingar sem lentu illa í hruninu 2008 komu oft ekki í starfsendurhæfingu fyrr en nokkrum árum síðar. Við áföll missa einstaklingar ekki endilega heilsu strax. Þeir reyna að þrauka og finna oft ýmsar leiðir til þess í langan tíma. Sumum tekst að ná flugi aftur en ekki öllum enda eru aðstæður og geta einstaklinga eðlilega mjög mismunandi.

Góð þverfagleg starfsendurhæfing getur hins vegar skipt sköpum fyrir marga einstaklinga sem missa vinnugetu í kjölfar stórra áfalla eins og Covid og við hjá VIRK höfum undirbúið okkur undir að veita þessum einstaklingum góða þjónustu á næstu mánuðum og árum í samstarfi við aðrar stofnanir velferðarkerfisins."

### 30 milljarða ávinningur af starfsemi VIRK

Niðurstöður skýrslu sem Talnakönnun vann fyrir stjórn VIRK sýna að 30 milljarða króna ávinningur var af starfsemi VIRK árið 2021, reiknað á föstu verðlagi ársins 2021, en rekstrarkostnaður VIRK nam 3,7 milljörðum sama ár. Í skýrslunni var einnig reiknaður meðalsparnaður, ávinningur samfélagsins af virkni einstaklinganna, á hvern útskrifaðan einstakling frá VIRK og nam hann 16,2 milljónum króna á árinu 2021, einnig reiknað á föstu verðlagi.




Þetta er níunda árið í röð sem VIRK fær Talnakönnun til að greina árangur og ávinning af starfsemi sinni. Sem fyrr var unnið út frá ópersónugreinanlegum upplýsingum úr gagnagrunni VIRK um þá einstaklinga sem útskrifuðust úr þjónustu VIRK árin 2013-2021 auk þess að unnið var með upplýsingar lífeyrissjóða um meðallaun.

Fundinn var mælikvarði á sparnað af starfsemi VIRK sem tekur mið af raunverulegum árangri, árangri sem felst í að flýta endurhæfingu, stytta tímabil óvinnufærni einstaklinga og minnka tíðni örorku.

Sýnt er fram á í skýrslunni að ábatinn af starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK skilar sér til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna. Ofan á þetta kemur svo bættur hagur einstaklinga, bæði fjárhagslegur auk þeirra lífsgæða sem felast í því að geta tekið fullan þátt í samfélaginu.

### Ráðgjafar í Eyjafirði

Fjórir ráðgjafar eru starfandi fyrir sjúkrasjóði stéttarfélaganna í Eyjafirði; *Helga Þyri Bragadóttir, helgabraga@ein.is*, sem jafnframt er verkefnastjóri svæðisins, *Kristín Guðmundsdóttir, kristin@ein.is*, *Nicole Kristjánsson, nicki@ein.is* og *Svana Rún Símonardóttir, svana@ein.is*. Þær eru starfsmenn Einingar-Iðju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu, og hafa aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Hægt er að ná í ráðgjafana í síma 460 3600. Eining-Iðja fær endurgreiddan frá VIRK allan kostnað vegna þessara starfsmanna, þar á meðal vegna launa og húsnæðis.

Ráðgjafar eru með fasta viðveru á skrifstofum Einingar-Iðju í Fjallabyggð og Dalvík á þriðjudögum.

### Atvinnulífstengill

Ágúst Sigurður Óskarsson starfar sem Atvinnulífstengill hjá VIRK. Hann er starfmaður Framsýnar, en starfar fyrir öll stéttarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu. Hann er með aðsetur á skrifstofu FVSA á 3. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri einn til tvo daga í viku. Hann er með síma 464 6608 og netfangið virk@framsyn.is

***Nánari upplýsingar um VIRK má fá á heimasíðu Virk Starfsendurhæfingarsjóðs, www.virk.is.***

# MÖGNUM

## það sem á svæðinu býr svo við eflumst sem samfélag

Mögnum er öflugt og vaxandi ráðgjafa-fyrirtæki á Akureyri sem býður upp á þjónustu í ráðningum, ráðgjöf, fræðslu og markþjáflun fyrir fólk og vinnustaði sem vilja ná lengra.

RÁÐNINGAR

RÁÐGJÖF

FRÆÐSLA

MARKÞJÁLFUN

MÖGNUM

**mognum.is**
sigga@mognum.is
895 7828

